

A 1714/velfærd

Flytjandi	Norræna velferðarnefndin
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

**Nefndartillaga
um sameiginlegar aðgerðir Norðurlanda gegn sýklalyfjaónæmi****Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð ákveði

að samþykkja skjalið: „Sameiginlegar aðgerðir Norðurlanda gegn sýklalyfjaónæmi – hvítbók um ný norræn verkefni“.

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún styðji við hvítbók Norðurlandaráðs: „Sameiginlegar aðgerðir Norðurlanda gegn sýklalyfjaónæmi“, bæði pólitískt með því að eiga frumkvæði að beinum aðgerðum og fjárhagslega með því að veita nægilegu fjármagni í framkvæmd markmiðanna;

að hún dreifi hvítbók Norðurlandaráðs: „Sameiginlegar aðgerðir Norðurlanda gegn sýklalyfjaónæmi“ til viðeigandi samstarfsaðila á Norðurlöndum, í Evrópu og annars staðar í veröldinni.

Aðdragandi

Aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi hafa lengi verið á dagskrá Norðurlandaráðs og verið ræddar á ólíkum vettvangi við ESB og Norrænu ráðherranefndina. Meðal annars á ráðstefnu í danska þjóðþinginu 17. maí 2011: „ONE Health - sundhedsfremme for mennesker og dyr“ („ONE Health – bætt heilsa manna og dýra“) og á ráðstefnu í Evrópuþinginu 22. apríl 2015: „One Health from a Nordic perspective - Antibiotic resistance, a threat to human health“ („ONE Health frá norrænum sjónarhóli – Sýklalyfjaónæmi, ógn við heilsu manna“).

Vandamálið var einnig meginþema í skýrslu Bos Könbergs frá árinu 2014 um samstarf í heilbrigðismálum á Norðurlöndunum „Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum“, sem var árangur stefnumótandi greiningar Norrænu ráðherranefndarinnar.

Árið 2016 var samstarfið í heilbrigðismálum sömuleiðis forgangssvið í formennskuáætlun Norðurlandaráðs. Á grundvelli þessa hélt Norðurlandaráð



samráðsfund 6. desember 2016 í þeim tilgangi

- að bregðast við þeirri ógn sem lýðheilsu stafar af sýklalyfjaónæmi – bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi;
- að fá kynningu á nokkrum beinum tillögum að lausnum og aðgerðum um hvernig megi til framtíðar taka á ógninni og eyða henni;
- að láta semja hvítbók í samstarfi við sérfræðinga og hagsmunaaðila, sem geti verið grundvöllur sameiginlegrar pólitískrar stefnu Norðurlanda og aðgerðaáætlunar til lengri tíma litið.

Meðfylgjandi skjal varð þannig til á grundvelli samráðsfundarins 6. desember 2016, þar sem hverjum þátttakanda í umræðunum var falið að koma með beinar tillögur að því hvaða aðgerðum Norðurlöndin skuli beita gegn sýklalyfjaónæmi.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna velferðarnefndin er afar sáttt við niðurstöðu samráðsfundarins um sýklalyfjaónæmi. Á samráðsfundinum var varpað skýru ljósi á vandamálin og Norðurlandaráð fékk góðar tillögur frá sérfræðingum á þessu sviði og frá fulltrúum allra Norðurlandanna. Á þeim grundvelli er nefndin sannfærð um að þær tillögur sem koma fram í hvítbókinni „Sameiginlegar aðgerðir Norðurlanda gegn sýklalyfjaónæmi“ eru bestu leiðir Norðurlanda til að sporna gegn þessari ógnvekjandi þróun.

Stokkhólmi, 3. apríl 2017

Angelika Bengtsson (SD)
Anne Louhelainen (saf)
Axel Jonsson (ÅF)
Bengt Morten Wenstøb (H)
Bente Stein Mathisen (H)
Christian Juhl (EL)
Jenis av Rana (Mfl.)

Karen J. Klint (S)
Lennart Axelsson (S)
Maria Stockhaus (M)
Paula Bieler (SD)
Rikard Larsson (S)
Sivert Haugen Bjørnstad (FrP)
Ulf Leirstein (FrP)